



Ísafjörður, 8. mars 2021

Héraðssamband Vestfirðinga

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar

VARÐAR: HÚSALEIGUSKULD ÍPRÓTTAFÉLAGSINS VESTRA ÁRIN 2019–2020

Þann 5. febrúar síðastliðinn sendi undirrituð, formaður íþróttafélagsins Vestra, erindi á Héraðssamband Vestfirðinga og bæjarráð Ísafjarðarbæjar þar sem óskað var eftir því að leitað yrði leiða til að afskrifa húsaleiguskuld Vestra fyrir árið 2019 að upphæð 1.094.533. Gerð var grein fyrir þeirri erfiðu stöðu sem skapast hefur hjá íþróttafélögum vegna Covid-19 og er hér vísað í bréf dags. 5. febrúar 2021 hvað það varðar (sjá fylgiskjal 1).

Í framhaldinu var haldinn fundur með stjórnnum HSV og Vestra þar sem fram kom að húsaleiguskuld Vestra fyrir árið 2020 væri 3.261.305 kr. en heildarkostnaður félagsins vegna húsnæðis hefði verið 8.274.237 kr. (leiga: 6.286.793 kr. / hiti, rafmagn, þrif: 1.987.444 kr.). Jafnframt kom fram að HSV væri búíð að greiða Ísafjarðarbæ alla húsaleigu fyrir 2019 og 2020 þannig að ekki væri hægt að óska eftir að skuldin yrði felld niður eða lækkuð hjá Ísafjarðarbæ þar sem þegar væri búíð að greiða hana. Skuldar Vestri því HSV 4.355.838 kr. vegna húsaleigu 2019 og 2020.

Það verður að segjast eins og er að það kom stjórn Vestra nokkuð í opna skjöldu þessi mikla hækkun á milli ára, ekki síst í ljósi þess að tekjur félagsins af lottó og getraunum hækkuðu úr 3.284.565 kr. árið 2019 í 4.407.074 kr. árið 2020 eða 1.122.509 kr. á milli ára. Undanfarin ár hafa lottótekjur að mestu staðið undir húsnæðiskostnaði en skýringin á þessari miklu hækkun á milli ára er fyrst og fremst sú að sveitarfélagið leggur færri íbúðir fram sem styrk til íþróttafélaganna og þar af leiðandi þurfa þau að leigja fleiri íbúðir á fullu verði sem hækkar meðalleiguverð umtalsvert auk almennrar hækkunar á leiguverði. Þannig hækkaði leiga t.d. um 9,6% frá mars 2020 til desember 2020. (Í fylgiskjali 2 má sjá þróun leiguverðs frá janúar 2019 til desember 2020).

Á fundi HSV og Vestra var rætt um nauðsyn þess að leiga væri innheimt reglulega yfir árið en ekki einu sinni ári eins og verið hefur. Rætt var um að innheimta leiguna ársfjórðungslega en forráðamenn deilda innan Vestra telja æskilegast að leigan sé innheimt mánaðarlega með kröfu í heimabanka. Hvort sem verður þá er ljóst að með þessu móti verður auðveldara fyrir íþróttafélögin að fylgjast með og bregðast við kostnaði vegna húsaleigu auk þess sem fjárhagsáætlunargerð verður nákvæmari.

Eftir stendur hins vegar uppsafnaður vandi síðustu tveggja ára, þ.e. húsaleiguskuld að upphæð 4,4 m.kr. og ljóst að erfitt verður fyrir deildir Vestra að greiða þessa skuld jafnhliða húsaleigu fyrir árið 2021. Í ljósi þessa er óskað eftir því að Ísafjarðarbær komi til móts við íþróttafélagið Vestra í þessu máli með lækkun á leiguverði árið 2021 sem nemur upphæð þessarar skuldar.

Fyrir hönd íþróttafélagsins Vestra,

Guðfinna Hreiðarsdóttir, formaður